



Skráning skuldabréfa í Kauphöll Íslands



800.000.000 KR.
LANDSAFL HF.
1. FLOKKUR 2003

NAFNVERÐ ÚTGÁFU:

Heildarnafnverð flokksins er 800.000.000 kr. og hafa skuldabréfin öll þegar verið seld.

SKILMÁLAR SKULDABRÉFAÚTGÁFU:

Skuldabréf 1. flokks 2003 eru til 26 ára, verðtryggð og bera 5,1% fasta ársvexti. Vexti skal greiða á gjalddögum vaxta þann 1. apríl 2004 og 1. október 2004. Frá og með 1. apríl 2005 skal greiða skuldina með 50 jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (jafngreiðslulán), á sex mánaða fresti, þann 1. apríl og 1. október ár hvert.

Til tryggingar greiðslu skuldarinnar hefur útgefandi gefið út tryggingarbréf sem tryggt er með 1. veðrétti í fasteigninni að Norðurslóð 4, 600 Akureyri. Þá hefur útgefandi einnig sett leigugreiðslur að veði til tryggingar greiðslu skuldarinnar.

Flokkurinn er lokaður. Auðkenni hans í Kauphöll Íslands hf. verður LAFL 03 1.

SKRÁNINGARDAGUR:

Kauphöll Íslands hf. mun taka bréfin á skrá hinn 22. desember 2003.



760.000.000 KR.
KÓPAVOGSBÆR
1. FLOKKUR 2003

NAFNVERÐ ÚTGÁFU:

Nafnverð flokksins er 760.000.000 kr. og hafa skuldabréfin öll þegar verið seld.

SKILMÁLAR SKULDABRÉFAÚTGÁFU:

Skuldabréf 1. flokks 2003 eru til 7 ára, verðtryggð og bera 4,94% fasta ársvexti. Höfuðstól skuldarinnar ber að endurgreiða með einni afborgun á gjalddaga 28. nóvember 2010. Vexti ber að greiða á tólf mánaða fresti, þó í fyrsta sinn 28. nóvember 2003. Flokkurinn er opinn með óákveðinni lokastærð. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands verður KOP 03 1.

SKRÁNINGARDAGUR:

Kauphöll Íslands hf. mun taka bréfin á skrá hinn 22. desember 2003.

Umsjónaraðili sölu skuldabréfanna og skráningar í Kauphöll Íslands er Íslandsbanki hf., Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík. Skráningarlýsingar og önnur gögn sem vitnað er til í þeim er hægt að nálgast hjá umsjónaraðila.